

## AUGLÝSING

### um kjör forseta Íslands.

71  
8. okt.

Hinn 29. júní 1952 var herra Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti Íslands um tímabilið frá 1. ágúst 1952 til 31. júlí 1956, og tók hann við embætti 1. ágúst s. l.

*Forsætisráðuneytið, 8. október 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942 fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands.

72  
19. nóv.

Forseti Íslands hefur í dag fallið á tillögu ráðuneytisins um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942, fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands:

1. gr.

Í upptalningu námsgreina í 2. gr. reglugerðarinnar falli niður orðið „dönsku“. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Einkunnir við árspróf 4. bekkjar í dönsku skulu reiknaðar sem stúdentsprófseinkunnir.

2. gr.

Í upptalningu 3. gr. falli niður „danska ...“. Síðar í sömu grein, í upptalningu um námsefni, komi í stað orðanna „Danska: Nemendur skulu lesa texta ...“: Danska: Nemendur skulu hafa lesið texta ...

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. nóvember 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*